

AUGLÝSING

um almenna undanþágu frá búsetuskilyrðum hlutafélagalöggjafarinnar.

Viðskiptaráðherra hefur ákveðið að veita ríkisborgurum og ýmsum lögaðilum aðildarríkja Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD), eins og þau eru hverju sinni, almenna undanþágu frá búsetuskilyrðum hluta- og einkahlutafélagalaga.

Ákvörðun ráðherra er einkum ætlað að vera til hagræðis ríkisborgurum og lögaðilum frá öðrum OECD-ríkjum en þeim sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en getur einnig komið þeim ríkisborgurum og lögaðilum EES-ríkja að notum sem heimilisfastir eru utan EES-svæðisins.

Í ákvörðuninni, sem geymir undanþágu frá 3., 66., 137. og 140. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 3., 42., 111. og 114. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, felst nánar tiltekið að ríkisborgarar OECD-ríkja þurfa ekki að vera heimilisfastir hér á landi til að geta verið stofnendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjórar íslenskra hluta- eða einkahlutafélaga eða útibússtjórar erlendra hluta- eða einkahlutafélaga á Íslandi heldur nægir að ríkisborgararnir séu heimilisfastir í einhverju OECD-ríkja.

Þá þurfa hlutafélög og önnur félög og stofnanir, sem standa að stofnun hluta- eða einka- hlutafélaga hér á landi og vísað er til í 3. gr. hluta- og einkahlutafélagalaga, ekki að vera heimilisföst hér á landi heldur nægir að þau séu heimilisföst í OECD-ríki. Loks geta erlend hluta- og einkahlutafélög og félög í samsvarandi lagalegu formi, sem eiga lögheimili og varnarþing í einhverju OECD-ríkja, stundað starfsemi með rekstri útibús hér á landi.

Auk OECD-ríkja hafa Liechtenstein sem EES-ríki, Slóvenía sem ESB-ríki og Færeyjar framangreindan rétt.

Í vafatilvikum getur hlutafélagaskrá, sem umsóknir um skráningu hluta- eða einka- hlutafélaga eru sendar til, þó borið einstök mál undir viðskiptaráðherra.

Samkvæmt framansögðu njóta eftirtalin lönd almennu undanþágunnar:

Ástralía	Grikkland	Lúxemborg	Sviss
Austurríki	Holland	Mexíkó	Svíþjóð
Bandaríkin	Írland	Noregur	Tékkland
Belgía	Ísland	Nýja Sjáland	Tyrkland
Bretland	Ítalía	Portúgal	Ungverjaland
Danmörk	Japan	Pólland	Þýskaland
Finnland	Kanada	Slóvakía	
Frakkland	Kórea (Suður-Kórea)	Slóvenía	
Færeyjar	Liechtenstein	Spánn	

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 533/2006 frá 24. maí 2006 um almenna undanþágu frá búsetuskilyrðum hlutafélagalöggjafarinnar.

Viðskiptaráðuneytinu, 3. september 2007.

Björgvin G. Sigurðsson.

Jónína S. Lárusdóttir.